

Nd.

387. Nefndarálit

um frv. til laga um, að efni í tunnur, sem ætlaður eru til umbúða um innlenda framleiðslu, skuli undanþegið innflutningstollum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um, að nauðsyn beri til að styðja að því, að tunnur þær úr tré og málm, er vér þurfum til umbúða um innlendar framleiðsluvörur, verði smiðaðar hérlendis af hérlendum mönnum, og telur þá tollivilnun, sem farið er fram á í frumvarpinu, heppilega sem tilraun til að ná því marki. Einnig er nefndin sammála um að leggja til, að samskonar ívilnun verði veitt veiðarfæraíðnaði landsmanna, með því að afnema vörutoll af óunnum hampi til veiðarfæragerðar. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Til loka ársins 1937 skal undanþegið hverskonar innflutningstollum efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlendar framleiðsluvörur, svo og óunninn hampur til veiðarfæragerðar.

2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:

Frumvarp til laga um, að undanþegið skuli innflutningstollum efni í tunnur og óunninn hampur til veiðarfæragerðar.

Alþingi, 9. nóv. 1934.

Páll Zóphóníasson,	Emil Jónsson,	Guðbr. Ísberg,
form.	fundaskr.	frsm.
Jakob Möller.	Bjarni Ásgeirsson.	